

Nr. 19-141 S 085 Margrét GK 33**Bilað stýri og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2952
Smíðaður: Viking ehf, 2018, trefjaplast.
Útgerð: Útgerðarfélag Sandgerðis ehf.
Stærð: 20,91 bt.
Mesta lengd: 13,20 m Skráð lengd: 11,99 m
Breidd: 4,20 m Dýpt: 1,66 m
Vél: Yanmar, 368 kw, 2019.
Fjöldi skipverja: 4



Margrét©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. september 2019 var Margrét GK 33 á siglingu með Suðurströndinni áleiðis til Norðfjarðar. Veður: SSV 13 m/s.

Þegar báturinn var staddur fyrir utan Hornafjörð varð hann stjórnlaus og skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga. Fram kom að hann væri með bilað stýri og óskaði var eftir aðstoð. Björgunarskipið Ingibjörg dró Margréti GK til hafnar á Hornafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að stýristjakkurinn hafði losnað frá armi fyrir stýrisblaðið;
- að stýristjakkurinn var staðsettur utanborðs undir flotkassa;
- að báturinn var nýsmíði og hafði aðeins verið í notkun í um eina viku;
- að báturinn var á lensi og gekk sjór undir flotkassann sem orsakaði mikið álag á stýrisblaðið;
- að sögn framleiðanda var róinn sem hélt stýristjakknum við stýrisblaðið límd og vel hert. Frágangur væri eins á bátum með stýristjakkinn innanborðs;
- að neyðarstýri var í bátnum en það virkaði ekki þar sem stýrisblaðið var ótengt;
- að fram kom hjá framleiðanda að framvegis verða rær og aðrar festingar fyrir stýrisbúnað utanborðs puntaðar fastar með rafsúðu.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var ófullnægjandi frágangur á stýrisbúnaði.